



Grunur um akstur undir áhrifum fíkniefna eða lyfja

Sýnataka

- **Í öllum tilvikum skal senda blóðsýni og þvagsýni, ef þess er nokkur kostur, ásamt sérstakri beiðni.**
- Taka skal 15 til 20 ml af blóði (3 blóðsýnaglös), þegar mæla á ávana- og fíkniefni og/eða lyf. 5 ml af blóði (1 sýnaglas) þarf í ákvörðun á alkóhóli. (ATH. Hæfni til aksturs er alltaf metin út frá mælingum í blóði)
- Þvagsýni þarf að vera 10-25 ml, þegar leita á að ávana- og fíkniefnum og/eða lyfjum. Mikilvægt er að taka þvagsýni, ef þess er nokkur kostur. Ódýr greining í þvagi getur lækkað rannsóknakostnað.
- Senda skal sérstaka beiðni um mælingar, þar sem fram koma upplýsingar um hugsanleg ávana- og fíkniefni og/eða lyf, ásamt atvikalýsingu. Á beiðni þarf einnig að koma fram ósk um mat á hæfni til aksturs, þar sem það á við.
- Stöðugleiki nokkurra lyfja og fíkniefna í blóðsýnum er takmarkaður og því er æskilegast að senda sýni sem allra fyrst til Rannsóknastofunnar.